

Fundarpunktur - Íbúafundur Norðurbakkinn 30.maí 2013

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri var fundarstjóri.

Már hafnarstjóri - Sambúðin við höfnina.

Már fór yfir söguna um bakkann sem atvinnusvæði, sem helsta höfn bæjarins og þá ákvörðun að byggja þar íbúðasvæði. Ræddi um hljóðvist, ljós, rafmagn og áhrifin á íbúðabygginguna.

30. júlí verða 3 skemmtiferðaskip í höfninni.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri – skipulagsmál.

Fór yfir skipulagið á bakkanum – sýndi myndir af svæðinu og fór yfir forsöguna, ástæðuna fyrir hæðinni á húsunum.

Um 100 mans mættu á fundinn.

Spurningar/athugasemdir/umræður.

- Hvað flytur Haukurinn um höfnina ? Jarðveg til Noregs.
- Má keyra ljósvélar á kvöldin ef þið getið skaffað þeim rafmagn ? Engar reglur til um það.
- Er hægt að birta lista um skipakomur á netinu ? Er á vef hafnarinnar.
- Hver er lágmarkshraði í höfninni ? 4 mílur
- Verður gert við gamla garðinn áður enn það verður slys ? Já vonandi – enn ekki búið að taka ákvörðun hvenær.
- Hver á Norðurbakkanna ? Hafnarfjarðarhöfn
- Eigum við von á skipum við Norðurbakkann ? Það er heimild til þess en mjög ólíklegt.
- Verða óbyggðu blokkirnar lækkaðar – eru nú þegar of á háar ? Verða í sömu hæð og hinar en Bjarki mun skoða hæðina á sökklunum – koma athugasemd um að þeir væru of háir. – **Svar komið, salarhæð efri hæða er lækkuð á móti, og heildarhæð húsanna verður óbreytt eða lægri en hámark sem skilmálar leyfa.**
- Dagsektir – er það á íbúð eða verktaka ? - **Það segir hvorki í úthlutunarskilmálum né lóðarleigusamningi að dagsektir séu á íbúð, þannig að við verðum að reikna með að það sé á hvort hús.**
- Er einhver von á að verktakinn fái að fjölga íbúðum ? Fengu að minnka þær en ekki **og** fjölga – er innan byggingarmagns í deiliskipulaginu.
- Fjölga það ekki bílum ? Já. **Ekki endilega meiri kröfur um bílastæði, þar sem minni íbúðir kalla á færri bílastæði. Yfir 80 m² tvö bílastæði, en undir 80 m² eitt bílastæði. –**
- **Athugasemd kom um að bílar yrðu líklega fleiri en kröfurnar reikna.** Mikið af bílum sem koma frá Vesturgötunni niður á bakkann – þarf að leysa það mál.

- Hvað eru margar íbúðir á Norðurbakka 7 og 9 – hvað er reiknað með mörgum íbúðum þar ? - **Fjölgað úr 62 í 72.**
- Verður opnaður gangstígur við Fiskaklettinn – tengingar. Er vandamál fyrir íbúa við hús númer 13 ? Verður gengið frá þessu vonandi fljótlega en er ekki að framkvæmdarlista.
- Húsfélag nr. 5 – höfum áhyggjur að aðkomu að bakkanum – á að vera hægt að komast allstaðar niður eða ekki ? Öll umferð fer núna í gegnum svæðið hjá húsi númer 5 ?
- Enginn ljós á bakkanum frá húsin nr. 3 – 17 – bakkinn er myrkvaður ? Það er ætlunin að laga þetta um leið og fjármagn fæst til.
- Bryggjukanturinn ? Ánægður með framkvæmdirnar sem nú standa yfir en hefur áhyggjur af kantinum sjálfum. Vill taka það af höfninni að þeir geti lagt skipi við bakkann.
- Höfnin hefur ekki sett skip við bakkann til viðgerðar. Ekki oft sem skip hafa lagst við bakkanum – þegar það hefur gerst er það í mjög stuttan tíma.
- Öryggismál á bakkanum ? Bjarki telur fulla ástæðu til að setja upp grindverk .
- Komnir 2 hringir á bakkann – oft er þeim stolið og jafnvel hent í sjóinn. Már biður menn um að hafa auga með hringjunum – nágrannavarsla.
- Kraninn á byggingarsvæðinu – eiga þeir bara að standa þarna óvarðir ? Bjarki segir að það sé búið að hafa samband við verktakann um **framhald byggingaráforma. Farið var í almennt átak fyrir nokkru um að taka krana niður, en það er dýrt að færa þá.** að taka hann niður og eða færa þá. Bjarki skoðar það málið – og mun ræða við verktakan.
- Aðgengið að nýju blokkunum – hvernig eiga allir bílarnir að komast að , eiga þeir að keyra undir svefnherbergisgluggann hjá okkur ? - **Verður líklega að vera þannig.**
- Dælustöðin – dælt úr henni beint ~~út um~~ **fyrir utan** gluggann hjá okkur. Helga segir það gerast þegar neyðarástand hefur skapast í stöðinni. Athuga hvernig er með tengingar á svæðinu – eitthvað ekki eins og það á að vera.
- Hvaðan eiga aðföng að koma að þeim fyrirtækjum sem eiga að vera í fremstu húsunum ? Af hverju má ekki vera bílastæði við endann á þessum blokkum ? Hefur verið hafnað í skipulags- og byggingarráði. Hægt að senda inn aftur erindi.
- Íbúi við Vesturgötuna– hvernig er með bílastæðismálin, útilokað að reka fyrirtæki þarna vegna vöntunar á bílastæðum. Ákvæði skilmálanna eru ekki virkir og það er útilokað að reka þarna fyrirtæki.
- Erfitt að koma heim með leigubíl – geta hvergi stoppað?
- Er búið að gera áætlun um bakkann – viðgerðir ? Garðurinn ? Hvenær reiknið þið með að þetta verði gert ? Verður skoðaða í nýrri áætlun – fjárhagsáætlun ársins 2014.
- Vilja fá áætlun inn á heimasíðu bæjarins – þrátt fyrir að það vanti fé.
- Má ekki setja hús n.r 7 og 9 í biðstöðu – á meðan bærinn hefur ekki fjármagn til að laga það sem þarf að laga til á bakkanum ? Er ekki forsendubrestur fyrir þessu blokkum ? Þarf ekki endurskoða stefnuna ? Hvað með neyðarrétt bæjarins ?

- Vandamál með bílastæðin við ráðhúsið.
- Af hverju eru ekki settar dagsettir á verktakann ?
- Lóðin undir spennustöðina – strengir lágu ofanjarðar og ekkert gert fyrir en lögreglan var komin í málið. Eigum ekki að þurfa að búa við þetta – erum búin að borga okkar gjöld.
- Hlýtur að vera sammingsbrot við bæinn – telur þetta einstakt tækifæri fyrir bæinn að kaupa upp lóðina og setja upp grænt svæði í hverfi sem vantar grænt svæði á.
- Guðrún Ágústa – þarf ríka áherslu til að bærinn grípa inn í.
- Spurt hvort það skorti ekki viljann ?
- Hver er þinglýstur eigandi að lóðinni ? - **Bygg Ben.**
- Er það óskastaðan að það verði byggð blokk á svæðinu ? Stór biti fyrir bæinn að kaupa þetta upp.
- Vonbrigði að það sé ekki fylgt eftir grenndargámum sem átti að vera á skipulaginu og þá um leið að við hefðum getað fylgt eftir staðardagskrá 21. - **Var skoðað, en verktökum þótti of dýrt.**
- Hvað ætlið þið að gera við Norðurgarðinn ? Hann fer í kaf og er stórhættulegur
- Hvað með öryggismálin á bryggjukantinum – hann er illa farinn – rifin og tættur ? Þegar frýs, þarf fólk að fara alveg að kantinum – slysaætta.